

**Fundargerð 39. aðalfundar SSA,  
haldinn í Félagslundi Reyðarfirði, Fjarðabyggð  
dagana 15. og 16. september 2005**

**Fimmtudagur 15. september.**

**Soffía Lárusdóttir** formaður SSA setti aðalfundinn kl.14:00, bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá. Soffía ræddi m.a. nýlega opnanir tveggja jarðganga á Austurlandi og fyrirhugaðar sameiningarkosningar. Soffía minntist fyrrverandi framkvæmdastjóra SSA Bergs Sigurbjörnssonar sem lést nýlega. Að því loknu skipaði hún **Guðmund Bjarnason og Jón Björn Hákonarson** fundarstjóra.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og skipaði **Gunnar Jónsson og Gunnlaug Sverrisson** fundarritara.

**Skipað í kjörbréfanefnd:** Þorvaldur P. Hjarðar formaður, Smári Geirsson og Tryggvi Harðarson.

**Skipað í nefndanefnd:** Cecil Haraldsson formaður, Andrés Skúlason, Elín Magnúsdóttir og Ævar Ármannsson.

**Soffía Lárusdóttir** kynnti skýrslu stjórnar starfsárið 2004 - 2005 sem liggur frammi. Skýrslan fylgir fundargögnum sem þingskjal nr.2. Vísað til allsherjarnefndar.

**Þorvaldur Jóhannsson** framkvæmdastjóri kynnti reikninga SSA 2004, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2005 og áætlun 2006. Greinargerð, reikningar og fjárhagsáætlun fylgir sem þingskjal nr.3 og nr.4. Vísað til fjárhagsnefndar.

Þorvaldur minnti á að skýrslur eftirtalinna stofnana hefðu nú verið lagðar fram í gögnum fundarmanna og verði þeim vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

- A. Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Vísað til allsherjarnefndar. Þingskjal nr.5.
- B. Orku og Stóriðjunefnd SSA. Vísað til byggða- og atvinnuálanefndar. Þingskjal nr.6
- C. Samgöngunefnd SSA. Vísað til samgöngunefndar. Þingskjal nr.7.
- D. Menningarráð Austurlands. Vísað til mennta- og menningarmálanefndar. Þingskjal nr.8
- E. Fræðslunet Austurlands. Vísað til mennta- og menningarmálanefndar. Þingskjal nr.9
- F. Ferðamálasamtök Austurlands og Markaðsstofu Austurlands. Vísað til byggða- og atvinnuþróunarnefndar. Þingskjal nr.10.

## **1 Viðhorf innflytjenda á Austurlandi og Vestfirðum.**

### **Könnun unnin af Félagsvísindastofnun H.Í.**

#### **Elsa Arnardóttir framkvæmdastjóri Fjölmenningsseturs.**

Rannsóknin var unnin í samstarfi Fjölmenningsseturs og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir SSA og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Skýrslan skiptist í ellefu meginkafla. Um 60 % svarenda er fæddur í Póllandi. Rúmur helmingur flutti til Íslands á síðustu 5 árum og rúmur helmingur flutti til Íslands til að stunda vinnu. Tæp 40 % bjuggu í eigin húsnæði. 74% tala alltaf móðurmál sitt við börn sín og rúmlega fimmtungur gat ekki tjáð sig á öðru tungumáli en móðurmáli sínu. Mjög margir virðast skrifa undir ráðningarsamninga án þess að skilja þá. Um 90 % telja að menntun sín nýtist ekki að fullu í starfi.

Greinilegt er að bæta þarf upplýsingaöflun til innflytjenda og íslenskukennslu.

Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal nr.11

Fyrirspurn barst frá Soffíu Lárusdóttur. Elsa svaraði fyrirspurn Soffíu.

## **1. Mat á samfélagsáhrifum og arðsemi jarðgangatenginga á Austurlandi.**

### **Skýrsla unnin af Rannsóknarstofnun H.A. 2005 fyrir SSA.**

#### **Kjartan Ólafsson sérfræðingur RHA.**

#### **Valtýr Sigurbjarnarson sérfræðingur RHA.**

Valtýr fór yfir forsendur skýrslunnar, byggðapróun, m.a. áætlaðan íbúafjölda á Austurlandi 2014, bílaumferð, aukið umferðaröryggi, tenging atvinnu- og búsvæða, kostnað og styttingu vegalengda og helstu niðurstöður skýrslunnar. Stóra spurningin er hvort samfélagslegur ábati sé af jarðgöngum og því að stytta leiðir? Engin göng eru með jákvæðan núvirtan ábata.

Í lokin fór Valtýr yfir samantekt bestu kosta.

Fyrirspurnir komu frá Tryggva Harðarsyni, Birni Traustasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Smára Geirssyni, Þorsteini Steinssyni, Halldóru B. Jónsdóttur, Andrési Skúlasyni, Eiði Ragnarssyni, Cecil Haraldssyni, Einari Má Sigurðssyni, Soffíu Lárusdóttur og Ævari Ármannssyni Kjartan og Valtýr svöruðu fyrirspurnum. Skýrslunni vísað til samgöngunefndar. Þingskjal nr.12.

Kjartan Ólafsson og Valtýr Sigurbjarnarson fylgja skýrslu sinni eftir í nefndinni.

## **2. Ávörp gesta.**

### **Lárus Bollason frá sveitarstjórnaskrifstofu Félagsmálaráðuneytisins.**

Lárus bar kveðjur félagsmálaráðherra á þingið og minnti á kosningar um sameiningu sveitarfélaga. Lárus tók fram að hann yrði á þinginu og tæki þátt í vinnu. Hvatti hann til þess að menn ræddu um málin.

### **Kristján Möller þingmaður Samfylkingarinnar. Kveðjur Þingmanna.**

Var Kristján að koma úr flugi og lýsti ánægju sinni með góða skýrslu frá RHA um arðsemi jarðgangatenginga á Austurlandi. Kristján fjallaði jafnframt um komandi sameiningarkosningar og þá umræðu sem væri um hana á Norður- og Austurlandi. Hann taldi mikilvægt að menn ræddu um verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga og mynduðu sér skoðun um kosti og galla. Kristján tók dæmi um að margt það sem ekki mátti nefna í málefnum grunnskólanna áður en sveitarfélögin tóku yfir rekstur grunnskólanna væri búið að taka á, og í mörgum tilfellum að setja í lög, eftir að reksturinn fluttist til sveitarfélaganna. Flutti hann kveðjur þingmanna í kjördæminu og óskaði SSA og sveitarstjórnarmönnum á Austurlandi heilla í störfum sínum.

### **3. Tillögur kjörbréfanefndar um fulltrúa sveitarfélaga á Austurlandi á aðalfund SSA 2005. – Þorvaldur P. Hjarðar.**

**Fljótaldalshérað:** Soffía Lárusdóttir, Skúli Björnsson, Björn Ármann Ólafsson, Eiríkur B. Björgvinsson, Guðrún Ragna Einarsdóttir, Baldur Pálsson, Þorvaldur B. Hjarðar, Ásmundur Þórarinsson, Margrét Árnadóttir, Guðmundur Sveinsson Kröyer og Þráinn Sigvaldason.

**Borgarfjarðarhreppur:** (Kristjana Björnsdóttir.)

**Breiðdalshreppur:** (Ríkharður Jónasson) og Sigfríður Þorsteinsdóttir.

**Austurbyggð:** Líneik A. Sævarsdóttir, Ævar Ármannsson og Óðinn Magnason.

**Djúpavogshreppur:** Andrés Skúlason og Tryggvi Gunnlaugsson.

**Fáskrúðsfjarðarhreppur:** (Friðmar Gunnarsson.)

**Fjarðabyggð:** Eiður Ragnarsson, Guðmundur Bjarnason, Ásmundur Páll Hjaltason, Smári Geirsson, Þorbergur Hauksson, Guðmundur Rafnkell Gíslason, Pétur Karl Kristjánsson, Hallfríður Bjarnadóttir, Hildur Magnúsdóttir og Hildur Vala Þorbergsdóttir.

**Fljótaldalshreppur:** Jóhann Þórhallsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir.

**Hornafjörður:** Albert Eymundsson, Ólafur Sigurðsson, Björk Pálsdóttir, Elín Magnúsdóttir, Vignir Júlíusson, Þóra V. Jónsdóttir, Hjalti Þór Vignisson og Björn Emil Traustason.

**Mjóafjarðarhreppur:** (Sigfús Vilhjálmsson.)

**Seyðisfjarðarkaupstaður:** Cecil Haraldsson, Ómar Bogason og Tryggvi Harðarson.

**Vopnafjarðarhreppur:** Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson og Borghildur Sverrisdóttir.

**Skeggjastaðahreppur :** (Áki Guðmundsson)

Rétt á setu = 48. Mættir 43 Samþykkt samhljóða. Þingskjal nr.21

**Ath** (fulltrúar innan sviga mættu ekki til fundar)

### **4 Vaxtarsamningur fyrir Austurland – áherslur.**

**Sigfús I. Sigfússon sérfræðingur Iðnaðar- og Viðskiptaráðuneytis.**

**Elvar K. Valsson verkefnisstjóri Impru.**

Sigfús flutti kveðju Iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem er staddur erlendis.

Sigfús fór yfir helstu einkenni vaxtarsamnings. Markmið með vaxtarsamningi er að auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt auk þess að fjölga samkeppnishæfum vörum og þjónustu.

Stefnt er að auknum völdum og ábyrgð svæða – aukin dreifstýring. Samstarf á milli hinna ýmsu hópa um byggðamál er mikilvægt. Samstarf innan, sem og á milli, svæða og landa um byggðamál er mikilvægt. Áhersla er lögð á sérstöðu og styrkleika svæða. Sigfús fór yfir niðurstöður og tillögur vegna vaxtarsamnings fyrir Vestfirði 2005 - 2008.

Erindi vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal nr.13.

Elvar fór yfir klasasamstarf. Ávinningur er lykilorð þegar talað er um klasa. Erlendis hafa fjölmörg klasaverkefni reynst árangursrík. Silicon Valley í Kaliforníu og Nokia svæðið eru dæmi um vel heppnuð klasaverkefni. Klasi er landfræðileg þyrping tengdra fyrirtækja birgja og þjónustuaðila i tengdum atvinnugreinum á sérhæfðum svæðum. Byggt á sérhæfingu fyrirtækja og stofnana á ákveðnum sviðum og styrkleikum svæðisins. Skipulag þarf ekki að vera formlegt. Efla það sem fyrir er og efna til samstarfs eða efla samstarf. Á svæðinu myndast staðbundin verkþekking á viðkomandi sérsviði. Fyrirtæki og stofnanir eru kjarni hvers klasasamstarfs. Algengustu þáttakendur eru einkafyrirtæki, opinberar stofnanir, rannsóknarsamfélagið og fjármálastofnanir. Einkafyrirtækin eru lykilþáttakendur og þurfa að vera helsti drifkrafturinn en opinberar stofnanir styrkja samstarfið. Ferðaþjónusta bænda er dæmi um klasa og Héraðsverk er gott dæmi um klasaverkefni á Austurlandi.

Erindi vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal nr.14.

#### 4. Tillögur nefndanefndar.

Tilnefndir eru formenn eftirfarandi nefnda:

**Uppstillingarnefnd:** Þorbergur Hauksson.

**Mennta- og menningarmálanefnd:** Smári Geirsson.

**Byggða- og atvinnumálanefnd:** Skúli Björnsson.

**Samgöngunefnd:** Þorsteinn Steinsson.

**Allsherjarnefnd:** Halldóra B. Jónsdóttir.

Tilnefndir í **Fjárhagsnefnd:**

Björn Hafþór Guðmundsson, Sigfríður Þorsteinsdóttir og Tryggvi Harðarson.

Upplesið og samþykkt.

Þingskjal nr.15

#### 5. Tillögur frá stjórn og fulltrúm.

- **Til Mennta- og menningarmálanefndar –**
- **Flutningsmaður Cecil Haraldsson**

#### Fræðslunet Austurlands

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 telur uppbyggingu háskólanámsseturs á Austurlandi afar jákvæðan þátt í þróun menntunar í landshlutanum.

Þá lýsir fundurinn þeirri skoðun sinni að með tilkomu setursins verði öllum íbúum Austurlands gert auðveldara að leggja stund á háskólanám.

Fundurinn leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu námsvera fyrir fjarnema á starfssvæði SSA og ítrekar að ríkið á að kosta framhalds- og háskólanám. Því verða fjárveitingar til málaflokksins að vera í samræmi við umfang þjónustu og kostnað við að veita hana.

### **Þekkingarráð og þekkingarsetur**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 styður þá vinnu sem á sér stað og lýtur að stofnun Þekkingarráðs fyrir Austurland og Þekkingarseturs á Egilsstöðum. Jafnframt hvetur fundurinn til þess að stefnt verði að því að á Austurlandi verði í framtíðinni öflug þekkingarsetur sem vinni að samþættingu og eflingu rannsóknarstarfs á starfssvæðum. Nú þegar hefur verið lagður góður grunnur að slíkri uppbyggingu með Búlandi í Neskaupstað og Nýheimum, þekkingarsetrinu á Höfn. Einnig beinir fundurinn þeim tilmælum til ríkisvaldsins, sveitarfélaga og atvinnulífsins að stutt verði sem dyggilegast við uppbygginu á fyrrgreindri þekkingarstarfsemi á Austurlandi.

### **Háskólanám á Austurlandi**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði dagana 15. – 16. september 2005 fagnar því að nú skuli hafist handa við að byggja upp öflugt háskóla- og rannsóknasetur á Egilsstöðum sem verði kjarni háskólamenntunar á Austurlandi og byggi á grundvelli þess starfs sem fram fer nú þegar í landshlutanum.

### **Ályktun um framhaldsskóla**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 fagnar því að framkvæmdir við stækkun Menntaskólans á Egilsstöðum skuli vera hafnar. Fundurinn leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á starfssvæði SSA gegna lykilhlutverki í mótun mannlífs og undirbúningi ungmenna til þróttmikillar framtíðar hér eystra. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram af krafti að bættri aðstöðu skólanna til að gegna hlutverki sínu. Einnig skorar fundurinn á hlutaðeigandi stjórnvöld að standa vel að uppbyggingu og rekstri framhaldsskólanna á starfssvæði SSA í ljósi þeirra miklu framkvæmda og fólksfjölgunar sem framundan er í landshlutanum.

### **Ályktun um samstarf í menningarmálum**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 fagnar því að gerður hefur verið nýr samningur milli ríkis og sveitarfélaga um menningarmál á Austurlandi. Fundurinn fagnar því jafnframt að í þeim samningi er gert ráð fyrir fjárframlögum til menningarstarfs menningarmiðstöðvanna fjögurra og að nú stendur yfir vinna milli viðkomandi sveitarfélaga og Menningarráðs Austurlands um uppbyggingu menningarmiðstöðvanna.

### **Gunnarsstofnun Skriðuklaustri**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 telur að uppbygging síðustu ára á starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri hafi mikla þýðingu á fjórðungsvísu. Fundurinn treystir því að framtíð stofnunarinnar sem sterkrar menningarstofnunar sé tryggð með samningi þeim sem gerður hefur verið milli stjórnar Gunnarsstofnunar og menntamálaráðuneytisins.

### **Ályktun um æskulýðs- og íþróttamál**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 fagnar þeirri miklu og mikilvægu uppbygginu sem fram hefur farið í æskulýðs- og íþróttamálum í fjórðungnum og skorar á sveitarstjórnir innan SSA að halda áfram á sömu braut. Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi æskulýðs- og íþróttastarfs sem forvarnarstarfs og skorar á ríkisvaldið að halda áfram stuðningi við það starf sem unnið er í þessum málaflokki t.d. með öflugum íþróttasjóði. Fundurinn skorar á stjórnvöld að auka fjármagn til sjóðsins með það að markmiði að sjóðurinn styðji betur við íþrótt- og æskulýðsstarf á landsbyggðinni vegna hins mikla ferðakostnaðar sem íþrótt- og æskulýðsfélög á landsbyggðinni þurfa að greiða.

Vísað til mennta- og menningarmálanefndar. Þingskjal 16.

- **Til byggða- og atvinnumálanefndar –**
- **Flutningsmaður Þorbergur Hauksson**

### **Stóriðjuframkvæmdir á Mið-Austurlandi**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 fagnar þeirri miklu atvinnuuppbyggingu sem nú á sér stað á Austurlandi með stóriðjuframkvæmdunum og öðrum framkvæmdum sem af þeim leiðir. Mikilvægt er að tryggja að hin mikla atvinnu uppbygging verði í sem mestri og bestri sátt við það samfélag sem fyrir er í landshlutanum. Því ber að fagna þeirri rannsóknarvinnu sem nú er í gangi við “Vöktunarverkefnið”, áætlun Þróunarstofu Austurlands og Byggðarannsóknarstofnunar Íslands um áhrif stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Brýnt er að hugað verði vandlega að því hvaða áhrif framkvæmdirnar muni hafa á suður- og norðursvæði landshlutans jafnframt því að kannað verði hvernig íbúar og fyrirtæki á þeim svæðum geti notfært sér þá uppbyggingu sem nú er hafin á mið-Austurlandi. Ef vart verður neikvæðra áhrifa sem mælast í vöktunarverkefninu þá verði stjórnvöldum gert viðvart, sem þá geti brugðist við með viðeigandi hætti.

### **Aukið fjármagn til skógræktarverkefna á Austurlandi**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 beinir þeim eindregnu tilmælum til þingmanna og fjárveitingarvaldsins að staðið verði við samþykktu skógræktaráætlun Alþingis. Það hefur ekki verið gert. Til að svo megi verða þarf að auka fjárveitingar til landshlutabundinna skógræktaverkefna s.s. Héraðsskóga, Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga. Einnig beinir aðalfundurinn því ákveðið til þingmanna og fjárveitingarvaldsins að nú á aukafjárlögum 2005 fái verkefnið Hérðasskógar þær 8.0 milljónir kr, eins og óskir liggja fyrir um, sem af “misskilningi” skiluðu sér ekki inn í fjárlög ársins.

### **Fiskeldi**

39. aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 vill hvetja fiskeldisfyrirtækin á Austurlandi til að standa áfram sem best að eldisstarfsemi sinni og að sérstök áhersla verði lögð á að allur eldisbúnaður verði vandaður og traustur. Þá er hvatt til þess að rannsóknir á sviði fiskeldis verði auknar. Fundurinn vekur athygli á þeim möguleikum að efla rannsóknarvinnu í greininni í landshlutanum.

### **Jarðhitaleit**

39. aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 skorar á stjórnvöld að auka ennfrekar en orðið er fjármagn til verkefnisins Jarðhitaleit á köldum svæðum. Fundurinn fagnar þeim árangri sem náðst hefur í landshlutanum þú þegar en ljóst er að mörg verkefni sveitarfélaganna sem bíða þurfa meiri stuðning.

### **Orkuverð í dreifbýli á landsbyggðinni**

39. aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 ítrekar og leggur þunga áherslu á að áfram verði fylgst með því hvernig orkuverð til almennings og atvinnufyrirtækja þróast í nýju orkuumhverfi.

Sérstaklega þarf að fylgjast með rafhitunarkostnaði og kostnaði í dreifbýli og hjá smærri fyrirtækjum á landsbyggðinni. Tekið er undir áskorun stjórnar sveitarfélaga á köldum svæðum til ráðherra orkumála og Orkustofnunar frá í ágúst sl. um þessi mál.

### **Stækkun Lagarfossvirkjunar og virkjun Fjarðarár.**

39. aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 fagnar því að framkvæmdir eru hafnar við stækkun Lagarfossvirkjunar. Ennfremur fagnar fundurinn þeim áfanga sem nú er náð í undirbúningi að fyrirhugaðri virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði.

Áframhaldandi skynsamleg nýting orkunnar í landshlutanum styrkir hann ennfrekar til sóknar fyrir atvinnulífið og íbúa hans.

### **Vatnajökulsþjóðgarður**

39. aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 styður stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og ítrekar að þegar verði hafist handa við frekari útfærslu á tillögum ráðherraskipaðrar nefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan Vatnajökuls. Litið er á stækkun þjóðgarðsins í Skaftafelli sem fyrsta skrefið í átt að einum stórum þjóðgarði. Því er mikilvægt að lögum verði breytt sem fyrst þannig að sér stjórn verði sett yfir þjóðgarðinn og að fjármagn til hans verði tryggt á sérlið í fjárlögum. Fundurinn ítrekar að náíð samráð verði við heimamenn og að stjórn hans verði í höndum heimamanna. Tryggja verður fjármagn til uppbyggingar og reksturs.

### **Byggðapróun - Vaxtarsamningur Austurlands.**

39. aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 fagnar því að ráðherra byggðamála skuli hafa skipað verkefnisstjórn sem gera á tillögum um klasa og innihald vaxtarsamnings fyrir landshlutann.

### **Byggðaáætlun 2006-2009**

#### **Skilgreining höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar endurskoðað.**

39. aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 telur nauðsynlegt að við gerð byggðaáætlunar 2006-2009 verði skilgreining um mörk höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar endurskoðuð. Á síðustu árum hefur höfuðborgarsvæðið vaxið ört og teygir sig nú langt norður í Vesturlandið og í austur á Suðurlandið. Áherslur sveitarfélaga sem tilheyrja þessu nærsvæði taka því meir og meir mið af þeirri þróun. Hin eiginlega landsbyggð og styrkleiki hennar og vægi veikist því enn frekar en orðið er og áherslur hljóta því einnig að taka mið af því.

Í flestum tilfellum fara hagsmunir höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar saman en þó ekki alltaf. Þar geta hagsmunir skarast.

Fundurinn telur því nauðsynlegt að þessar breytingar verði skoðaðar og greindar sérstaklega .

### **Ferðaþjónustan. (ályktun 1, 2 ,3,4 )**

#### **Ályktun 1**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 beinir þeim eindregnu tilmælum til ráðherra ferðamála og ríkisvaldsins að á næstu árum verði veitt sérstöku fjármagni til uppbyggingar, þróunar og markaðssetningar á sviði ferðaþjónustu í fjórðungnum. Enda er fjölgun ferðamanna og aukin þjónusta við þá ein mikilvægasta leiðin til að viðhalda þeim vexti sem stóriðju- og virkjanaframkvæmdir hafa haft á atvinnu- og þjónustustig á Austurlandi.

#### **Ályktun 2**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 skorar á ferðaþjónustuaðila auka samstarf í markaðssetningu fjórðungsins og uppbyggingu í ferðaþjónustu enda hefur markviss samvinna á því sviði skilað mælanlegum árangri í öðrum landshlutum.

#### **Ályktun 3**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 lýsir yfir ánægju með ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um að halda áfram vinnu við undirbúning að stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls og fella það mikilvæga landsvæði inn í Vatnajökulþjóðgarð. Þjóðgarður á svæðinu norðan og austan Vatnajökuls er ekki aðeins stórt skref í náttúruvernd heldur mun hann í framtíðinni verða fjöregg ferðaþjónustu á Austurlandi enda verði rétt að framkvæmdinni staðið. Aðalfundurinn telur afar mikilvægt að við allan undirbúning að stofnun þjóðgarðsins verði heimamenn og hagsmunaaðilar hafðir með í ráðum til að tryggt verði að tekið verði tilliti til allra sjónarmiða við skipulagningu þjóðgarðsins og hvetur fundurinn til þess að sú vinna hefjist hið fyrsta.

#### **Ályktun 4**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 skorar á stjórnvöld að setja kraft í framkomnar hugmyndir um uppbyggingu hálendisvegar um Sprengisand með tengingu af honum til Austurlands. Slíkur vegur er afar mikilvægur fyrir ferðaþjónustu og atvinnulíf á Austurlandi og styttir leiðina milli Reykjavíkur og Austurlands mikið auk þess sem hann opnar nýja möguleika í ferðamennsku á hálendinu norðan Vatnajökuls.

Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal 17.

•



## Til Samgöngunefndar –

- Flutningsmaður Þorsteinn Steinsson

### **Aukið fjármagn til girðinga meðfram þjóðvegum**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 beinir því til Vegagerðarinnar að stórauka fjármagn til girðinga meðfram þjóðvegum enda er það afar brýnt vegna umferðaröryggis. Í ljósi þess er það mat aðalfundarins að Vegagerðin eigi alfarið að sjá um og kosta framkvæmdir.

### **Jarðgöng á Austurlandi**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 fagnar því að lokið er framkvæmdum við jarðgangagerð í veggöngum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og í Almannaskarði. Mannvirki af þessum toga skipta höfuð máli í samfélags- og byggðaðróun.

Strax þarf að hefjast handa við frekari undirbúning næstu jarðganga í landshlutanum.

Flýta þarf undirbúnings rannsóknnum næstu jarðaganga á Austurlandi milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og milli Norðfjarðar og Eskifjarðar hins vegar, sem eru næstu gangakostir í þessum landshluta samkvæmt vegaáætlun. Fundurinn hvetur samgönguyfirvöld til þess að hraða undirbúningi þeirra með það í huga að göngin verði boðin út saman. Í þessu sambandi þarf að fást fjármagn til undirbúnings og rannsókna. Ennfremur þarf að halda áfram þeirri undirbúningsvinnu og rannsóknum sem í gangi eru með göng frá Seyðisfirði um Mjóafjörð yfir í Farðabyggð ásamt tengingu upp á Hérað.

Aðalfundurinn lýsir yfir ánægju með þá vinnu sem SASSA hefur látið Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri vinna fyrir sig um mat á samfélagsáhrifum og arðsemi jarðgangakosta á Austurlandi.

Frekari greinagerð:

Mat RHA er nú sérstaklega kynnt á aðalfundi SSA.

Þar kemur skýrt fram að gerð jarðganga getur í sumum tilfellum verið grunnurinn að því að byggðir og samfélag þróist með eðlilegum hætti. Slíkar framkvæmdir eru einnig í anda byggðaáætlunar ríkistjórnarinnar þar sem fjallað er um það að styrkja byggðakjarna svæða með því að tengja jaðrana inn á kjarnasvæðin með góðum og varanlegum samgöngum.

Nú þegar liggur fyrir mikil og góð þekking hjá verktökum í gerð jarðganga á Íslandi. Nýta þarf kunnáttu þessa til hins ítrasta og þær miklu tækni framfarir við gerð vegganga sem orðin er. Slíkt er best gert með því að tryggja samfellu í gerð jarðganga á Íslandi.

Samfélagið á Austurlandi sem nú er í örum vexti kallar æ meir á samgöngubætur eins og jarðgöng og minnir fundurinn á að í samgönguáætlun er styttingu leiða, sem eru til hagræðis fyrir alla flutninga, gefin mikill gaumur.

### **Hringvegurinn bundinn slitlagi**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 ítrekar fyrri samþykktir Samgöngunefndar SSA um að hraða eins og frekast er kostur framkvæmdum við hringveginn á Austurlandi og stefna að því að lokið verði við að leggja hann bundnu slitlagi sem allra fyrst. Fyrir liggur að einu kaflarnir á honum sem ekki eru bundnir varanlegu slitlagi eru á Austurlandi (65 km.) Fundurinn lýsir yfir miklum vonbrigðum með það að ekki hafi verið litið til þessa sem forgangsverkefnis við útteilingu fjármunum sem fengust við sölu Símans. Ekki verður lengur við það unað að þessir kaflar þjóðvegjarins verði áfram látnir sitja á hakanum. Leggja ber höfuð áherslu á að ljúka varanlegri vegagerð á aðal flutningaleiðum. Til að svo megi verða þarf að gera ráð fyrir auknu fjármagni til lúkingar á þessum köflum.

### **Einbreiðar brýr**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 krefst þess að hraðað verði enn frekar, en ráð er fyrir gert í samgönguáætlun að útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegi 1 og stofnvegum í landshlutanum. Með stór auknum vöruflutningum sem settir eru út á þjóðvegina eru brýr þessar enn háskalegri slysagildir eins og dæmin sanna.

### **Axarvegur**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 vill benda á sívaxandi umferð um Öxi sbr. talningar Vegagerðarinnar síðast liðin sumur. Með vísan til upplýsinga um umferðarþunga á þessari leið leggur aðalfundurinn þunga áherslu á að endanleg úttekt á Axarvegi verði lokið sem allra fyrst með uppbyggingu heilsársvegar í huga. Nauðsynlegar endurbætur á veginum þurfa hinsvegar að hafa algjöran forgang, sérstaklega í ljósi umferðaröryggis. Auk þess verði strax í vetur komið á föstum ruðningsdögum yfir Öxi.

### **Þjóðvegur eitt um Skriðdal**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 ítrekar og leggur áherslu á að lokið verði við að leggja bundið slitlag á veginn um Skriðdal sem fyrst vegna aukins umferðarþunga sem kallar á að framkvæmdum verði flýtt. Vísast m.a. til samþykktar fjölmargra sveitarstjórna á Austurlandi í þá veru

### **Almenningssamgöngur og flutningar innan svæðisins**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 ítrekar og tekur undir áhyggjur sveitarstjórna, ferðaþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila vegna lélegra almenningssamgöngu og skipulagsleysis í flutningum í landshlutanum. Góðar almenningssamgöngur eru eitt af grundvallarskilyrðum fyrir búsetu og öflugri ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

### **Tenging Vopnafjarðar við þjóðveg 1**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 leggur þunga áherslu á að flýta, með sérstöku átaki, tengingu Vopnafjarðar við Þjóðveg 1 með nútímalegu sniði. Fundurinn lýsir ánægju sinni með það að aukið fjármagn hefur fengist til þessa verkefnis út úr söluhagnaði símans. Hvetur fundurinn vegagerð og samgönguyfirvöld til þess að flýta undirbúningsvinnu verkefnisins þ.a. mögulegt verði að ljúka meginhluta þess á tímabili nógildandi samgönguáætlunar.

### **Egilsstaðaflugvöllur**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði dagana 15.-16. september 2005 leggur á það áherslu að samgönguráðuneyti og Flugmálastjórn hefji strax vinnu við að móta framtíðarstefnu um uppbyggingu, nýtingu, arðsemi og markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar í samræmi við þörf svo íbúar, atvinnulíf og ferðamenn njóti ávallt bestu þjónustu. Sérstaklega er bent á aðstöðuleysi fyrir komufarþega og tolfertilit.

### **Hornafjarðarflugvöllur og Vopnafjarðarflugvöllur.**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16 september 2005 minnir á þýðingu þessara flugvalla fyrir landshlutann og jaðarsvæði hans. Mikið aukinn fjöldi ferðamanna á suðausturlandi kallar á að Hornafjarðarflugvelli verði vel við haldið og þjónusta aukin.

Á meðan ekki er fundin varanleg lausn á heilsársamgöngum fyrir Vopnafjörð og sveitarfélögin norðan Hellisheiðar verður að tryggja flugsamgöngur til jaðarsvæða landshlutans.

### **Aukning þungaflutninga á vegum**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði dagana 15.-16. september 2005 bendir á það mikla álag sem á vegakerfið hefur bæst eftir að strandflutningar voru lagðir af. Stjórnvöld verða að mæta þessu mikla álagi á vegakerfi landsmanna með auknum fjárframlögum til viðhalds og lagfæringa á vegakerfinu þ.a. það geti borið þessa stórauðna þungaflutninga.

Vísad til samgöngunefndar. Þingskjal 18

- **Til Allsherjarnefndar –**
- **Flutningsmaður Soffía Lárusdóttir**

### **Ályktun um heilbrigðisþjónustu**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 skorar á ríkisstjórn Íslands að halda áfram að efla sérstaklega heilbrigðiskerfið á Austurlandi til þess að mæta því álagi og þenslu sem fylgir framkvæmdum til undirbúnings stóriðju. Til þess að bregðast við þessu þarf að fjölga starfsmönnum, bæta húsakost og tækjabúnað. Á svæðinu hefur orðið jákvæð þróun í myndgreiningu á árinu, á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og á Egilsstöðum. Hvetur fundurinn til áframhaldandi uppbyggingar og þróunar á nýtingu upplýsingartækninnar til að bæta þjónustu heilbrigðisstofnana, og auðvelda íbúum svæðisins not af hátækni sjúkrahúsunum.

Mikilvægt er að stjórnvöld sem af dugnaði komu hinum miklu framkvæmdum á Austurlandi af stað fylgi því verki eftir með sérstökum fjárveitingum til þess að styrkja þá samfélagsþjónustu sem er á vegum ríkisins. Heilbrigðiskerfið þarf eins og þjónusta sveitarfélaga að geta mætt þeim miklu og hröðu þjóðfélagsbreytingum sem nú eiga sér stað á Austurlandi.

### **Ályktun um heilbrigðiseftirlit.**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 14. 16. september 2005 beinir því til stjórnar SSA að beita sér af fullum þunga fyrir því að Umhverfisstofnun verði hið fyrsta við endurteknum erindum frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands um framsal eftirlitsverkefna og þvingunarúræða í samræmi við lagaheimildir þar um.

### **Jafnréttisyfirlýsing SSA**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. 16. september 2005 staðfestir jafnréttisyfirlýsingu SSA frá aðalfundi 2002 svohljóðandi:

„Í starfi SSA skal það vera meginregla að bæði kyn verði þátttakendur í sem flestum verkefnum. Við kjör í stjórn, nefndir og ráð á vegum sambandsins skal taka tillit til þessara meginreglu eins og frekast er kostur. Þá eru allar sveitarstjórnir á sambandssvæðinu hvattar til þess að setja sér jafnréttisáætlanir.”

### **Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 fagnar þeim áfanga sem náðist með niðurstöðu tekjustofnunarnefndar um breytingar á tekjustofnun sveitarfélaga og fjármálalegum samskiptum ríkisins og sveitarfélaga er koma til framkvæmda í áföngum á árunum 2005 til 2008. Fundurinn lítur þó svo á að eingöngu sé um tímabundna ráðstöfun að ræða og þörf sé á varanlegri leiðréttingu á tekjustofnun sveitarfélaga sem taki mið af þeim auknu verkefnum sem sveitarfélög hafa fengið á undanförunum árum, án þess að tekjustofnar hafi fylgt með.

### **Fráveitumálefni**

Aðalfundur SSA haldinn Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 felur SSA að beita sér fyrir því að ríkisvaldið komi í auknu mæli að fjármögnun fráveituverkefna sveitarfélaga. Miðað við núverandi tekjustofna sveitarfélaga er augljóst að mörg þeirra hafa ekki bolmagn til að standa við lög um fullnægjandi hreinsun fráveitu.

### **Stjórnun og eftirlit með hreindýraveiðum á Austurlandi.**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 minnir á samþykkt aðalfundar 2003, þar sem því var beint til umhverfisráðherra og Umhverfisstofnunar (UST) að tryggja að forræði vegna stjórnunar og eftirlits með hreindýraveiðum yrði sem mest á Austurlandi. Að mati þeirra, er best þekkja til hefur ekkert miðað í þessa átt og í reynd má segja að yfirstjórn hreindýramála sé horfin úr fjórðungnum. Aðalfundurinn ítrekar því nauðsyn þess að framangreindu markmiði verði náð. Til þess þarf að einfalda stjórnsýsluna og flytja hana aftur til Austurlands, t.d. með því að flytja málaflokkinn frá Umhverfisstofnun og setja á stofn hreindýrastofu, sem yrði sjálfstæð stofnun með stjórn (kæmi í stað hreindýraráðs) og heyrði beint undir Umhverfisráðuneytið.

Minnt er á að hreindýraveiðar fara eingöngu fram á Austurlandi og að nú þegar er til staðar í fjórðungnum víðtæk þekking og reynsla, þannig að austfirðingar eru vel í stakk búnir til að taka málefnið alfarið til sín.

### **Samstarf SSA og Þróunarfélags Austurlands**

39. aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. – 16. september 2005 beinir því til stjórnar SSA að halda áfram þeirri undirbúningsvinnu sem hafin er við að skilgreina og móta nánara samstarf SSA og Þróunarfélags Austurlands með samstarfsamningi sem taki gildi um nk. áramót.

Greinargerð með tillögu: Úr skýrslu stjórnar SSA til aðalfundar 2005.

Vísað til allsherjarnefndar. Þingskjal 19

**Skúli Björnsson bæjarfulltrúi á Fljótsdalshéraði flutti eftirfarandi tillögu:**

“Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september skorar á ríkisstjórn og aðrar stjórnslustofnanir sem staðsettar eru í höfuðborginni að hefja nú þegar undirbúning að stofnun þjónustuútibúa á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum.”

Greinargerð: Þar sem útlit er fyrir að meirihluti hafi myndast hjá stjórnendum Reykjavíkurborgar um það markmið að Reykjavíkurlugvöllur verði fluttur úr Vatnsmýri er nauðsynlegt að flytja þá þjónustu út á landsbyggðina sem sótt hefur verið til höfuðborgarinnar. Þó svo að flutningur flugstarfsemi frá Reykjavíkurlugvelli gerist ekki á allra næstu árum þá er mjög mikilvægt að hefja undirbúning og þróa starfsemi þjónustuútibúanna.

Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal 20.

**6. Ferðamálasamtök Austurlands.**

**Opnun á nýjum ferðavef og kynning á margmiðlunardiski.**

Stefán Stefánsson og Katla Steinsson kynntu diskinn og nýjan ferðavef. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra opnaði ferðavefinn formlega. Slóðin á vefinn er [www.east.is](http://www.east.is)

Hér var fundi frestað til föstudags kl 10:30 og var klukkan þá 17.25. Nefndastörf hófust strax á eftir í húsnæði Grunnskólans á Reyðarfirði.

**Föstudagur 16. september 2005.**

Nefndir að störfum frá kl. 9:00 – 10:30.

Fundi framhaldið kl. 10:30.

**7. Fjarskipti/dreifikerfi og landsbyggðin.**

**Sæmundur Þorsteinsson forstöðumaður rannsókna Símans.**

**Skarphéðinn Smári Þórhallsson héraðsfulltrúi Fljótsdalshéraði**

Sæmundur ræddi um fjarskipta- og dreifikerfi landsins.

94 % þjóðarinnar getur í dag nýtt sér ADSL þjónustu Símans. 99 % byggðar í landinu er með GSM þjónustu. NMT kerfið nær yfir nær allt landið en rekstri NMT kerfisins verður hætt á næstu árum og er það sama þróun og í öðrum löndum. Ísland er meðal fjögurra efstu landa í heiminum með háhraða sítengingar. Sjónvarpsþjónusta um ADSL er hafin og hófst á Austurlandi á undan höfuðborginni. Boðið er upp á 15 rásir, þ.á.m. Enska boltinn. Nýr ljósleiðari verður lagður um Fáskrúðafjarðargöngin á næstunni. Sæmundur fór yfir samanburð við OECD lönd á nokkrum kostnaðarliðum.

Sæmundur ræddi nýja fjarskiptatækni sem verið er að innleiða, m.a. WiMAX sem veitir háhraðagagnatengingar og hentar vel í dreifbýli. Verið er að prófa tæknina í Grímsnesinu.

Skarphéðinn ræddi um netsamband í dreifbýli Fljótsdalshéraðs. Fjórir til fimm sendar verða settir upp og eiga að vera komnir upp í lok sumars 2006. Skarphéðinn fór yfir samning við eMax en Fljótsdalshérað tekur þátt í hluta af stofnkostnaði grunnkerfis. eMax sér um rekstur og viðhald á kerfinu auk þess að taka þátt í hluta af stofnkostnaði. Skarphéðinn fór yfir tæknileg atriði.

Fyrirspurnir bárust frá Cecil Haraldssyni, Gunnþórunni Ingólfssdóttur og Sigfríði Þorsteinsdóttur. Sæmundur og Skarphéðinn svöruðu fyrirspurnum.

## 8. “Vöktunarverkefnið” á Austurlandi:

**Rannsóknarverkefni Þróunarfélags Austurlands og Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri á samfélagsáhrifum virkjana- og álversframkvæmda á Austurlandi.**

**Kjartan Ólafsson sérfræðingur RHA**

**Stefán Stefánsson framkvæmdastjóri Þ.A.**

Stefán kynnti verkefnið lauslega og stöðu þess. Fram kom hjá Kjartani að verkið hefur ekki gengið alveg eins hratt og lagt var upp með.

Könnun var gerð 20.9. – 27.12.2004 á viðhorfi og væntingum fólks á mögulegum áhrifasvæðum álversframkvæmdanna. Fyrirtæki og einstaklingar tóku könnuninni almennt vel. Úrtak var um 3.200.- Könnunin verður framkvæmd aftur 2008.

Metin voru landfræðileg áhrifasvæði framkvæmdanna. Samkvæmt könnuninni virðast væntingar vegna framkvæmdanna meiri á Reyðarfirði en Eskifirði þrátt fyrir að fjarlægð á álverssvæðið sé mjög svipuð.

Fyrirspurnir komu frá Birni Traustasyni og Sigfríði Þorsteinsdóttur Kjartan svaraði fyrirspurnum.

## 9. Ávörp gesta

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Vilhjálmur þakkaði fyrir góðar móttökur sem hann og stjórn sambandsins fékk þegar stjórnarfundur sambandsins var haldinn hér fyrir austan fyrir um tveimur vikum. Vilhjálmur lýsti yfir ánægju með þær framkvæmdir sem eru í fjórðungnum og þann kraft og bjartsýni sem einkennir austfirskt samfélag. Hann ræddi einnig fyrirhugaðar sameiningarkosningar. Hann benti á að það tekur tíma að ná fram breytingum og benti á að um 1960 voru sveitarfélögin í landinu um 230. Í Danmörku er verið að fækka sveitarfélögum úr um 250 í um 100 en það er gert með lagasetningu, engar kosningar fara fram. Einnig ræddi Vilhjálmur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga og þann ágreining sem verið hefur í tekjustofnanefnd. Vilhjálmur hvatti sveitarfélögin til að senda upplýsingar til sambandsins um fasteignir, í hverju sveitarfélagi, sem eru í eigu ríkisins.

## 10. Heilbrigðisþjónustan og málefni aldraðra.

**Jón Kristjánsson Heilbrigðisráðherra**

**Einar Rafn Haraldsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands**

Jón tilmála þrjú meginatriði sem hann hefur lagt áherslu á í sínu starfi.

- Efling grunnþjónustu í heilbrigðismálum.
- Rekstur Landsspítalans sem sjúkrahús allra landsmanna.
- Sameining heilbrigðisstofnana.

Jón ræddi um eflingu heimaþjónustu og tiltók að þrátt fyrir biðlista þá eru rými fyrir aldraða hér á landi fleiri en í þeim löndum sem við berum okkur mest saman við. Jón telur að efla þurfi sveitarstjórnarstigið með flutningi á verkefnum til sveitarfélaganna en til þess þurfa sveitarfélögin að sameinast til að vera betur í stakk búin til að taka við verkefnum. Jón ræddi uppbyggingu á heilsugæslum í fjórðungnum og fjallaði um ákvörðun um uppbyggingu hátækisjúkrahúss.

Einar Rafn fór yfir helstu staðreyndir um starfsemi Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Einar ræddi áhrifavalda í rekstri og þróun HSA. Hann kom inn á fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu á Kárahnjúkum og fór yfir styrkleika og veikleika í rekstri HSA.

Fyrirspurn kom frá Cecil Haraldssyni sem Einar Rafn svaraði.

Hádegisverðarhlé frá kl. 12:45 - kl. 13:10.  
Nefndastörfum lýkur.

## 11. Afgreiðsla nefndaálita.

- **Allsherjarnefnd – Flutningsmaður: Elín Magnúsdóttir**  
**Nefndarmenn: Halldóra B. Jónsdóttir og Elín Magnúsdóttir formenn, Ólafur Sigurðsson, Guðmundur R. Gíslason og Baldur Pálsson. Þingskjal 22**

### Ályktun um heilbrigðisþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 skorar á ríkisstjórn Íslands að halda áfram að efla sérstaklega heilbrigðiskerfið á Austurlandi til þess að mæta því álagi og þenslu sem fylgir framkvæmdum til undirbúnings stóriðju. Til þess að bregðast við þessu þarf að fjölga starfsmönnum, bæta húsakost og tækjabúnað. Á svæðinu hefur orðið jákvæð þróun í myndgreiningu á árinu, á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og á Egilsstöðum. Hvetur fundurinn til áframhaldandi uppbyggingar og þróunar á nýtingu upplýsingartækninnar til að bæta þjónustu heilbrigðisstofnana, og auðvelda íbúum svæðisins not af hátækni sjúkrahúsunum.

Mikilvægt er að stjórnvöld sem af dugnaði komu hinum miklu framkvæmdum á Austurlandi af stað fylgi því verki eftir með sérstökum fjárveitingum til þess að styrkja þá samfélagsþjónustu sem er á vegum ríkisins. Heilbrigðiskerfið þarf eins og þjónusta sveitarfélaga að geta mætt þeim miklu og hröðu þjóðfélagsbreytingum sem nú eiga sér stað á Austurlandi.

### Ályktun um heilbrigðiseftirlit.

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 beinir því til stjórnar SSA að beita sér af fullum þunga fyrir því að Umhverfisstofnun verði hið fyrsta við endurteknum erindum frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands um framsal eftirlitsverkefna og þvingunarúrræða í samræmi við lagaheimildir þar um.

### Jafnréttisyfirlýsing SSA

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 staðfestir jafnréttisyfirlýsingu SSA frá aðalfundi 2002 svohljóðandi:

„Í starfi SSA skal það vera meginregla að bæði kyn verði þátttakendur í sem flestum verkefnum. Við kjör í stjórn, nefndir og ráð á vegum sambandsins skal taka tillit til

þessara meginreglu eins og frekast er kostur. Þá eru allar sveitarstjórnir á sambandssvæðinu hvattar til þess að setja sér jafnréttisáætlanir.”

### **Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 fagnar þeim áfanga sem náðist með niðurstöðu tekjustofnunarnefndar um breytingar á tekjustofnun sveitarfélaga og fjármálalegum samskiptum ríkisins og sveitarfélaga er koma til framkvæmda í áföngum á árunum 2005 til 2008. Fundurinn lítur þó svo á að eingöngu sé um tímabundna ráðstöfun að ræða og þörf sé á varanlegri leiðréttingu á tekjustofnun sveitarfélaga sem taki mið af þeim auknu verkefnum sem sveitarfélög hafa fengið á undanförunum árum, án þess að tekjustofnar hafi fylgt með.

### **Fráveitumálefni**

Aðalfundur SSA haldinn Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 felur SSA að beita sér fyrir því að ríkisvaldið komi í auknu mæli að fjármögnun fráveituverkefna sveitarfélaga. Miðað við núverandi tekjustofna sveitarfélaga er augljóst að mörg þeirra hafa ekki bolmagn til að standa við lög um fullnægjandi hreinsun fráveitu.

### **Stjórnun og eftirlit með hreindýraveiðum á Austurlandi.**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 minnir á samþykkt aðalfundar 2003, þar sem því var beint til umhverfisráðherra og Umhverfisstofnunar (UST) að tryggja að forræði vegna stjórnunar og eftirlits með hreindýraveiðum yrði sem mest á Austurlandi. Að mati þeirra, er best þekkja til hefur ekkert miðað í þessa átt og í reynd má segja að yfirstjórn hreindýramála sé horfin úr fjórðungnum. Aðalfundurinn ítrekar því nauðsyn þess að framangreindu markmiði verði náð. Til þess þarf að einfalda stjórnsýsluna og flytja hana aftur til Austurlands, t.d. með því að flytja málaflokkinn frá Umhverfisstofnun og setja á stofn hreindýrastofu, sem yrði sjálfstæð stofnun með stjórn (kæmi í stað hreindýraráðs) og heyrði beint undir Umhverfisráðuneytið.

Minnt er á að hreindýraveiðar fara eingöngu fram á Austurlandi og að nú þegar er til staðar í fjórðungnum víðtæk þekking og reynsla, þannig að austfirðingar eru vel í stakk búnir til að taka málefnið alfarið til sín.

Aðalfundurinn beinir því til stjórnar SSA að vinna að því að öll hreindýr sem koma vestur fyrir Jökulsá á Breiðamerkursandi verði felld. Í því sambandi er minnt á að Öræfin eru talin eitt hreinasta svæði landsins gagnvart sauðfjársjúkdómum og meðan ekki er sýnt fram á að hreindýr beri ekki með sér sauðfjársjúkdóma, þarf að halda þeim frá Öræfunum.

### **Samstarf SSA og Þróunarfélags Austurlands**

39. aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. – 16. september 2005 beinir því til stjórnar SSA að halda áfram þeirri undirbúningsvinnu sem hafin er við að skilgreina og móta nánara samstarf SSA og Þróunarfélags Austurlands með samstarfsamningi sem taki gildi um nk. áramót.

Greinargerð með tillögu: Úr skýrslu stjórnar SSA til aðalfundar 2005.

Til máls tók Cecil Haraldsson,



Breytingartillaga frá Cecil Haraldssyni:

Orðalagi í tekjustofningu ríkis og sveitarfélaga sé breytt eftirfarandi:

“Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 þykir rýr niðurstaða tekjustofnunarnefndar um breytingar á tekjustofnun sveitarfélaga og fjármálalegum samskiptum ríkisins og sveitarfélaga er koma til framkvæmda í áföngum á árunum 2005 til 2008. Fundurinn lítur svo á.....”

Tillaga Cecils samþykkt með 10 atkvæðum gegn 6.

Álit allsherjarnefndar þingskjal 22 að öðru leyti samþykkt samhljóða

• **Byggða- og atvinnumálanefnd - Flutningsmaður: Skúli Björnsson**  
**Nefndarmenn: Skúli Björnsson formaður, Björn E. Traustason, Elvar K. Valsson Iðntæknistofnun, Þóra Jónsdóttir, Hallfríður Bjarnadóttir, Ólafur Ármannsson, Tryggvi Gunnlaugsson, Katla Steinsson Markaðstofu, Steinþór Pétursson, Björn H. Sigurbjörnsson, Sigfús I. Sigfússon ÍVR, Halldóra B. Jónsdóttir, Baldur Pálsson og Ásmundur Þórarinnsson. Þingskjal 23.**

#### **Stóriðjuframkvæmdir á Mið-Austurlandi**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 fagnar þeirri miklu atvinnuuppbyggingu sem nú á sér stað á Austurlandi með stóriðjuframkvæmdunum og öðrum framkvæmdum sem af þeim leiðir. Mikilvægt er að tryggja að hin mikla atvinnuuppbygging verði í sem mestri og bestri sátt við það samfélag sem fyrir er í landshlutanum. Því ber að fagna þeirri rannsóknarvinnu sem nú er í gangi við “Vöktunarverkefnið”, áætlun Þróunarfélags Austurlands og Byggðarannsóknarstofnunar Íslands um áhrif stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Brýnt er að hugað verði vandlega að því hvaða áhrif framkvæmdirnar muni hafa á suður- og norðursvæði landshlutans jafnframt því að kannað verði hvernig íbúar og fyrirtæki á þeim svæðum geti notfært sér þá uppbyggingu sem nú er hafin á mið-Austurlandi. Ef vart verður neikvæðra áhrifa sem mælast í vöktunarverkefninu þá verði stjórnvöldum gert viðvart, sem þá geti brugðist við með viðeigandi hætti.

#### **Aukið fjármagn til skógræktarverkefna á Austurlandi**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 beinir þeim eindregnu tilmælum til þingmanna og fjárveitingarvaldsins að staðið verði við samþykka skógræktaráætlun Alþingis. Til að svo megi verða þarf að auka fjárveitingar til landshlutabundinna skógræktaverkefna s.s. Héraðsskóga, Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga. Einnig beinir aðalfundurinn því ákveðið til þingmanna og fjárveitingarvaldsins að nú á aukafjárlögum 2005 fái verkefnið Héraðsskógar þær 8.0 milljónir kr sem skiluðu sér ekki inn í fjárlög ársins.

#### **Fiskeldi**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 vill hvetja fiskeldisfyrirtækin á Austurlandi til að standa áfram sem best að eldisstarfsemi sinni og að sérstök áhersla verði lögð á að allur eldisbúnaður verði vandaður og traustur. Þá er hvatt til þess að rannsóknir á sviði fiskeldis verði auknar. Fundurinn vekur athygli á þeim möguleikum að efla rannsóknarvinnu í greininni í landshlutanum.

### **Jarðhitaleit**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 skorar á stjórnvöld að auka ennfrekar en orðið er fjármagn til verkefnisins Jarðhitaleit á köldum svæðum. Fundurinn fagnar þeim árangri sem náðst hefur í landshlutanum en ljóst er að mörg leitarverkefni sveitarfélaganna þurfa meiri stuðning.

### **Orkuverð í dreifbýli á landsbyggðinni**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 ítrekar og leggur þunga áherslu á að áfram verði fylgst með því hvernig orkuverð til almennings og atvinnufyrirtækja þróast í nýju orkuumhverfi.

Sérstaklega þarf að fylgjast með rafhitunarkostnaði og kostnaði hjá einstaklingum og hjá smærri fyrirtækjum á landsbyggðinni. Tekið er undir áskorun stjórnar sveitarfélaga á köldum svæðum til ráðherra orkumála og Orkustofnunar frá í ágúst sl. um þessi mál.

### **Stækkun Lagarfossvirkjunar og virkjun Fjarðarár.**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 fagnar því að framkvæmdir eru hafnar við stækkun Lagarfossvirkjunar. Ennfremur fagnar fundurinn þeim áfanga sem nú er náð í undirbúningi að fyrirhugaðri virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði. Áframhaldandi skynsamleg nýting orkunnar í landshlutanum styrkir hann ennfrekar til sóknar fyrir atvinnulífið og íbúa hans.

### **Vatnajökulspjóðgarður**

39. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 styður stofnun Vatnajökulspjóðgarðs og ítrekar að þegar verði hafist handa við frekari útfærslu á tillögum ráðherraskipaðrar nefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan Vatnajökuls. Litið er á stækkun þjóðgarðsins í Skaftafelli sem fyrsta skrefið í átt að einum stórum þjóðgarði. Því er mikilvægt að lögum verði breytt sem fyrst þannig að sér stjórn verði sett yfir þjóðgarðinn og að nægjanlegt fjármagn til hans verði tryggt á sérlið í fjárlögum.

Þjóðgarður á svæðinu er ekki aðeins stórt skref í náttúruvernd heldur mun hann í framtíðinni verða fjöregg ferðaþjónustu á Austurlandi enda verði rétt að framkvæmdinni staðið. Aðalfundurinn telur afar mikilvægt að við allan undirbúning að stofnun þjóðgarðsins verði heimamenn og hagsmunaaðilar hafðir með í ráðum til að tryggja verði að tekið verði tilliti til allra sjónarmiða við skipulagningu þjóðgarðsins.

Fundurinn ítrekar að náíð samráð verði við heimamenn og að stjórn hans verði í höndum heimamanna.

### **Byggðapróun - Vaxtarsamningur Austurlands.**

39. aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 fagnar því að ráðherra byggðamála skuli hafa skipað verkefnisstjórn sem gera á tillögur um klasa og innihald vaxtarsamnings fyrir landshlutann.

### **Byggðaáætlun 2006-2009**

#### **Skilgreining höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar endurskoðuð.**

39. aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 telur nauðsynlegt að við gerð byggðaáætlunar 2006-2009 verði skilgreining um mörk höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar endurskoðuð.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur höfuðborgarsvæðið vaxið ört og teygir sig nú langt norður Vesturlandið og austur á Suðurlandið. Áherslur sveitarfélaga sem tilheyra þessu nærsvæði taka meira og meira mið af þeirri þróun. Hin eiginlega landsbyggð og styrkleiki hennar og vægi veikist enn frekar en orðið er og áherslur hljóta að taka mið af því. Í flestum tilfellum fara hagsmunir höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar saman en þó ekki alltaf.

Fundurinn telur nauðsynlegt að þessar breytingar verði skoðaðar og greindar sérstaklega.

### **Uppbygging og markaðssetning ferðaþjónustu**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 beinir þeim eindregnu tilmælum til ráðherra ferðamála og ríkisvaldsins að á næstu árum verði veitt sérstöku fjármagni til uppbyggingar, þróunar og markaðssetningar á sviði ferðaþjónustu í öllum fjórðungnum. Enda er fjölgun ferðamanna og aukin þjónusta við þá ein mikilvægasta leiðin til að viðhalda þeim vexti sem stóriðju- og virkjanaframkvæmdir á Mið-Austurlandi hafa haft á atvinnu- og þjónustustig í fjórðungnum.

### **Samstarf ferðaþjónustu aðila**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 skorar á ferðaþjónustuaðila auka samstarf í markaðssetningu fjórðungsins og uppbyggingu í ferðaþjónustu enda hefur markviss samvinna á því sviði skilað mælanlegum árangri í öðrum landshlutum.

### **Flutningur Reykjavíkurflugvallar**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september skorar á ríkisstjórn og aðrar stjórnarsýslustofnanir sem staðsettar eru í höfuðborginni að hefja nú þegar undirbúning að stofnun þjónustuútibúa á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Þar sem útlit er fyrir að meirihluti hafi myndast hjá stjórnendum Reykjavíkurborgar um það markmið að Reykjavíkurflugvöllur verði fluttur úr Vatnsmýri er nauðsynlegt að flytja þá þjónustu út á landsbyggðina sem sótt hefur verið til höfuðborgarinnar. Þó svo að flutningur flugstarfssemi frá Reykjavíkurflugvelli gerist ekki á allra næstu árum þá er mjög mikilvægt að hefja undirbúning og þróa starfsemi þjónustuútibúanna.

### **Þátttaka nýbúa í samfélagi**

39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 bendir á nauðsyn á að miðla upplýsingum til innflytenda og þá þörf fyrir góð gögn til notkunar í íslenskukennslu til handa öllum innflytjendum.

Til máls tóku Sigfríður Þorsteinsdóttir, Eiður Ragnarsson, Smári Geirsson, Cecil Haraldsson, Albert Eymundsson, Vignir Júlíusson, Skúli Björnsson og Tryggvi Harðarson.

**Breytingartillaga frá Skúla Björnssyni um að fella út liðinn “Þátttaka nýbúa í samfélagi” þar sem fjallað er um tillöguna hjá mennta- og menningarmálanefnd. Samþykkt samhljóða.**

### **Eftirfarandi breytingartillaga lögð fram af Alberti Eymundssyni.**

#### **Varðar liðinn Jarðhitaleit.**

“39. Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 skorar á stjórnvöld að auka ennfrekar en orðið er fjármagn til verkefnisins Jarðhitaleit á köldum svæðum. Fundurinn fagnar þeim árangri sem náðst hefur í landshlutanum en ljóst er að mörg verkefni þurfa meiri stuðning.”

Tillaga Alberts samþykkt samhljóða

### **Smári Geirsson leggur til að tillögu um færslu Reykjavíkurflugvallar verði vísað til stjórnar SSA.**

Tillaga Smára samþykkt samhljóða.

### **Eftirfarandi breytingartillaga lögð fram.**

#### **Varðar liðinn Vatnajökulspjóðgarður.**

“39. aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 styður stofnun Vatnajökulspjóðgarðs og ítrekar að þegar verði hafist handa við frekari útfærslu á tillögum ráðherraskipaðrar nefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan Vatnajökuls. Litið er á stækkun þjóðgarðsins í Skaftafelli sem fyrsta skrefið í átt að einum stórum þjóðgarði. Því er mikilvægt að lögum verði breytt sem fyrst þannig að sér stjórn verði sett yfir þjóðgarðinn og að nægjanlegt fjármagn til hans verði tryggt á fjárlögum sem er forsenda þess að þjóðgarður geti staðið undir væntingum.

Aðalfundurinn telur afar mikilvægt að við allan undirbúning að stofnun þjóðgarðsins verði heimamenn og hagsmunaaðilar hafðir með í ráðum og ítrekar að stjórn hans verði í höndum heimamanna.”

Tillaga samþykkt samhljóða

Þingskjal 23 að öðru leyti samþykkt samhljóða.

#### **• Samgöngunefnd – Flutningsmaður Þorsteinn Steinsson**

**Nefndarmenn: Þorsteinn Steinsson formaður, Tryggvi Harðarson, Ævar Ármannsson, Ómar Bogason, Andrés Skúlason, Albert Eymundsson, Vignir Júlíusson, Eiður Ragnarsson, Guðrún Ragna Einarsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Ásmundur Páll Hjaltason, Björn Ármann Ólafsson og Andrés Elísson. Þingskjal 24**

### **Aukið fjármagn til girðinga meðfram þjóðvegum**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 beinir því til Vegagerðarinnar að stórauka fjármagn til girðinga meðfram þjóðvegum enda er það afar brýnt vegna umferðaröryggis.

Vegagerðin á alfarið að sjá um að kosta framkvæmdir og viðhald.

### **Jarðgöng á Austurlandi**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 fagnar því að lokið er framkvæmdum við Fáskrúðsfjarðargöng og Almannaskarðsgöng.

Mannvirki af þessum toga skipta höfuð máli í samfélags- og byggða þróun.

Flyta þarf undirbúningsrannsóknnum næstu jarðaganga á Austurlandi. milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og milli Norðfjarðar og Eskifjarðar hins vegar, sem eru næstu gangakostir í þessum landshluta samkvæmt vegaáætlun. Fundurinn hvetur samgönguyfirvöld til þess að hraða undirbúningi þeirra með það í huga að göngin verði boðin út saman. Í þessu sambandi þarf að veita fjármagni til undirbúnings og rannsókna. Ennfremur þarf að halda áfram þeirri undirbúningsvinnu og rannsóknnum sem í gangi eru með göng frá Seyðisfirði um Mjóafjörð yfir í Fjarðabyggð ásamt tengingu upp á Hérað.

Aðalfundurinn lýsir yfir ánægju með þá vinnu sem SASSA hefur látið Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri vinna fyrir sig um mat á samfélagslegumáhrifum og um arðsemi jarðgangakosta á Austurlandi.

Frekari greinagerð:

Mat RHA er nú sérstaklega kynnt á aðalfundi SSA.

Þar kemur skýrt fram að gerð jarðganga getur í sumum tilfellum verið grunnurinn að því að byggðir og samfélag þróist með eðlilegum hætti. Slíkar framkvæmdir eru einnig í anda byggðaáætlunar ríkistjórnarinnar þar sem fallað er um það að styrkja byggðakjarna svæða með því að tengja jaðarbyggðir inn á kjarnasvæðin með góðum og varanlegum samgöngum.

Nú þegar liggur fyrir mikil og góð þekking hjá verktökum í gerð jarðganga á Íslandi. Nýta þarf kunnáttu þessa til hins ýtrasta og þær miklu tækniframfarir við gerð vegganga sem orðið hafa. Slíkt er best gert með því að tryggja samfellu í gerð jarðganga á Íslandi.

Samfélagið á Austurlandi sem nú er í örum vexti kallar æ meir á samgöngubætur eins og jarðgöng og minnir fundurinn á að í samgönguáætlun er styttingu leiða, sem eru til hagræðis fyrir alla flutninga, gefinn mikill gaumur.

### **Hringvegurinn bundinn slitlagi**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 ítrekar fyrri samþykktir Samgöngunefndar SSA um að hraða eins og frekast er kostur framkvæmdum við hringveginn á Austurlandi og krefst þess að lokið verði við að leggja hann bundnu slitlagi sem allra fyrst. Fyrir liggur að einu kaflarnir á honum sem ekki eru bundnir varanlegu slitlagi eru á Austurlandi (65 km). Fundurinn lýsir yfir miklum vonbrigðum með það að ekki hafi verið litið til þessa sem forgangsverkefni við útdeilingu fjármunum sem fengust við sölu símans. Ekki verður lengur við það unað að þessir kaflar þjóðvegarsins verði áfram látnir sitja á hakanum. Leggja ber höfuð áherslu á að ljúka varanlegri vegagerð á aðalflutningaleiðum sem fyrst.

### **Einbreiðar brýr**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 krefst þess að hraðað verði enn frekar, en ráð er fyrir gert í samgönguáætlun að útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegi 1 og stofnvegum í landshlutanum. Með stór auknum vöruflutningum sem settir eru út á þjóðvegina eru brýr þessar enn háskalegri slysaáhrifum eins og dæmin sanna.

### **Axarvegur**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 vill benda á sívaxandi umferð um Öxi sbr. talningar Vegagerðarinnar síðast liðin sumur.

Með vísan til upplýsinga um umferðarpunga á þessari leið leggur aðalfundurinn þunga áherslu á að endanleg úttekt á Axarvegi verði lokið sem allra fyrst með uppbyggingu heilsársvegar í huga.

Nauðsynlegar endurbætur á veginum þurfa hinsvegar að hafa algjöran forgang, sérstaklega í ljósi umferðaröryggis. Auk þess verði strax í vetur komið á föstum ruðningsdögum yfir Öxi.

### **Þjóðvegur eitt um Skriðdal**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 ítrekar og leggur áherslu á að lokið verði við að leggja bundið slitlag á veginn um Skriðdal sem allra fyrst vegna aukins umferðarpunga sem kallar á að framkvæmdum verði flýtt. Vísast m.a. til samþykktu fölmargra sveitarstjórna í þá veru.

### **Almenningssamgöngur og flutningar innan svæðisins**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 ítrekar og tekur undir áhyggjur sveitarstjórna, ferðaþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila vegna lélegra almenningssamganga og skipulagsleysis í flutningum í landshlutanum. Góðar almenningssamgöngur eru eitt af grundvallarskilyrðum fyrir búsetu og öflugri ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

### **Tenging Vopnafjarðar við þjóðveg 1**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 leggur þunga áherslu á að flýta, með sérstöku átaki, tengingu Vopnafjarðar við Þjóðveg 1 með nútímalegu sniði. Fundurinn lýsir ánægju sinni með það að aukið fjármagn hefur fengist til þessa verkefnis út úr söluhagnaði símans. Hvetur fundurinn Vegagerðina og samgönguyfirvöld til þess að flýta undirbúningsvinnu verkefnisins þ.a. mögulegt verði að ljúka meginhluta þess á tímabili núgildandi samgönguáætlunar.

### **Egilsstaðaflugvöllur**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði dagana 15.-16. september 2005 leggur áherslu á að Samgönguráðuneyti og Flugmálastjórn tryggi strax fjármagn til að hefja framkvæmdir við stækkun flugstöðvar og bílastæða við Egilsstaðaflugvöll samkvæmt tillögum sem hafa komið fram þar um.

Greinargerð: Flugstöðin og bílastæðin anna engan veginn því álagi sem er á flugvellinum í dag. Þegar tvær flugvélar koma í einu í innanlandsflugi eða ein flugvél í millilandaflugi með 150 – 200 farþega verður tæplega við neytt ráðið. Nú þegar er beint flug til Kaupmannahafnar einu sinni í viku og sennilega hefst beint flug einu sinni í viku til Póllands um næstu áramót. Auk þessa er flugvöllurinn varaflugvöllur fyrir Keflavík, og þegar óveður hefur hamlað landingum í Keflavík hafa komið allt að 300 farþegar í flugstöðin í einu og er ástandið þá þannig að tæplega er hægt að komast inn eða út úr húsinu. Bílarnir eru þegar komnir út um alla móa svo tæplega er hægt að komast að flugstöðinni á álagstímum. Ekki er hægt að una við þetta ástand og því þarf að tryggja fjármagn til framkvæmda svo hefja megi þær strax.

### **Hornafjarðarflugvöllur og Vopnafjarðarflugvöllur**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 minnir á þýðingu Hornafjarðar og Vopnafjarðar-flugvalla fyrir landshlutann og jaðarsvæði hans. Mikið aukinn fjöldi ferðamanna á S-Austurlandi kallar á að Hornafjarðarflugvelli verði vel við haldið og þjónusta aukin.

Á meðan ekki er fundin varanleg lausn á heilsárs samgöngum fyrir Vopnafjörð og sveitarfélögin norðan Hellisheiðar verður að tryggja flugsamgöngur til svæðisins.

### **Aukning þungaflutninga á vegum**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði dagana 15.-16. september 2005 bendir á það mikla álag sem á vegakerfið hefur bæst eftir að strandflutningar voru lagðir af.

Stjórnvöld verða að mæta þessu mikla álagi á vegakerfi landsmanna með auknum fjárframlögum til viðhalds og lagfæringa á vegakerfinu þ.a. það geti borið þessa stórauðna þungaflutninga.

### **Vetrarþjónusta vegagerðarinnar**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði dagana 15.-16. september 2005 minnir á að tryggja þarf fjármagn til öflugrar vetrarþjónustu á vegum. Fundurinn vill hvetja Vegagerðina til að standa við eigið skipulag í vetrarþjónustu í fjórðungnum og reynt verði að standa við þau markmið sem sett eru fram í handbókum hennar um þennan þjónustubátt. Reynt verði eftir fremsta megni að samræma sem mest þjónustuna í landshlutanum til að tryggja betur öryggi í vetrarsamgöngum.

Jafnframt er þess krafist að mokað verði alla daga frá Austurlandi um fjöllin til Norðurlands og niður til Vopnafjarðar.

### **GSM og hraðvirkt net samband**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 skorar á stjórnvöld að ljúka uppsetningu á dreifikerfi fyrir GSM samband sem fyrst.

Einnig er gerð krafa um hraðvirkt netsamband um allt land.

Sérstaklega er því fagnað að fjármunir hafa nú fengist til þessa verkefnis úr söluhagnaði Símans og er því treyst að yfirvöld sjái til þess að bylting verði í þessum málum á Austurlandi, sem annarsstaðar á landinu þar sem lagfæringa er þörf.

### **Hafnarmál.**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 krefst að sá kafli hafnarlaga er fjallar um styrki til hafnarframkvæmda verði endurskoðaður. Fundurinn fer þess á leit að samgönguyfirvöld sjái til þess að gildistöku þess ákvæðis laganna verði frestað um að minnsta kosti 2 ár eða til ársloka 2008. Þessi tími verði notaður til að endurskoða 24. gr. hafnarlaga.

### **Endurbætur á hættulegum vegköflum.**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 skorar á samgönguyfirvöld að hraða sem allra fyrst endurbótum á hættulegum vegköflum í fjórðungnum.

Greinargerð: Miklar framkvæmdir og aukin umsvif á Austurlandi hafa kallað á stórauðna umferð um vegi fjórðungsins. Eru þar á meðal vegir sem standast á engan hátt nútímakröfur um öryggi t.d. vegurinn um Hólmaháls, um sunnanverðan Fáskrúðsfjörð, um Hamarsfjörð, um Þvottár og Hvalnesskriður og um Öxi. Á þessum vegum er brýnna úrbóta þörf sem fyrst.

Til máls tóku Björn Hafþór Guðmundsson, Andrés Elísson, Tryggvi Harðarson, Eiður Ragnarsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Soffía Lárusdóttir, Sigfríður Þorsteinsdóttir, Cecil Haraldsson, Þorsteinn Steinsson, Albert Eymundsson, Björn Ármann Ólafsson.

- **Eftirfarandi breytingartillaga lögð fram af Birni Hafþóri Guðmundssyni. Varðar liðinn jarðgöng á Austurlandi.**

„Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 fagnar því að lokið er framkvæmdum við Fáskrúðsfjarðargöng og Almannaskarðsgöng.

Mannvirki af þessum toga skipta höfuð máli í samfélags- og byggða þróun.

Flyta þarf undirbúningsrannsóknnum næstu jarðaganga á Austurlandi. milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og milli Norðfjarðar og Eskifjarðar hins vegar, sem eru næstu gangakostir í þessum landshluta samkvæmt vegaáætlun.

Fundurinn hvetur samgönguyfirvöld til þess að hraða undirbúningi þeirra með það í huga að göngin verði boðin út saman. Í þessu sambandi þarf að veita fjármagni til undirbúnings og rannsókna. Ennfremur þarf að halda áfram þeirri undirbúningsvinnu og rannsóknnum sem í gangi eru með göng frá Seyðisfirði um Mjóafjörð yfir í Fjarðabyggð ásamt tengingu upp á Hérað. **Einnig þarf að leggja í aukna rannsóknarvinnu á jarðgangnakostum á suðurfjörðum**

Aðalfundurinn lýsir yfir ánægju með þá vinnu sem SASSA hefur látið Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri vinna fyrir sig um mat á samfélagslegumáhrifum og um arðsemi jarðgangakosta á Austurlandi.”

Frekari greinagerð:

Mat RHA er nú sérstaklega kynnt á aðalfundi SSA.

Þar kemur skýrt fram að gerð jarðganga getur í sumum tilfellum verið grunnurinn að því að byggðir og samfélag þróist með eðlilegum hætti. Slíkar framkvæmdir eru einnig í anda byggðaáætlunar ríkistjórnarinnar þar sem fallað er um það að styrkja byggðakjarna svæða með því að tengja jaðarbyggðir inn á kjarnasvæðin með góðum og varanlegum samgöngum.

Nú þegar liggur fyrir mikil og góð þekking hjá verktökum í gerð jarðganga á Íslandi. Nýta þarf kunnáttu þessa til hins ýtrasta og þær miklu tækniframfarir við gerð vegganga sem orðið hafa. Slíkt er best gert með því að tryggja samfellu í gerð jarðganga á Íslandi.

Samfélagið á Austurlandi sem nú er í örum vexti kallar æ meir á samgöngubætur eins og jarðgöng og minnir fundurinn á að í samgönguáætlun er styttingu leiða, sem eru til hagræðis fyrir alla flutninga, gefinn mikill gaumur.

Breytingartillaga samþykkt samhljóða.

- **Breytingartillaga frá Alberti Eymundssyni vegna liðar um Hornfjarðar- og Vopnafjarðarflugvelli.**

„Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 minnir á þýðingu Hornarfjarðar og Vopnafjarðarflugvalla fyrir landshlutann og jaðarsvæði hans. **Aukinn fjöldi ferðamanna á S-Austurlandi ásamt mikilli uppbyggingu og**



**fjárfestingu í ferðaþjónustu** kallar á að Hornafjarðarflugvelli verði vel við haldið og þjónusta aukin.

Á meðan ekki er fundin varanleg lausn á heilsárs samgöngum fyrir Vopnafjörð og sveitarfélögin norðan Hellisheiðar verður að tryggja flugsamgöngur til svæðisins.”

Breytingartillaga samþykkt samhljóða.

**Breytingartillaga frá Soffíu Lárusdóttur vegna liðar um einbreiðar brýr.**

“...í samgönguáætlun að tvöfalda allar einbreiðar brýr á þjóðvegi 1 og stofnvegum í landshlutanum.”

Breytingartillaga samþykkt samhljóða.

- **Tillaga frá Andrésí Elíssyni, Eiði Ragnarssyni og Ævari Ármannssyni um þjóðveg 1 um Breiðdalsheiði.**

“Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16.september 2005 samþykkir að beina því til samgöngufyrivalda að þjóðvegur 1 um Breiðdalsheiði verði lagður af sem þjóðvegur 1 og þeim fjármunum sem annars hefði varið í að byggja hann upp verði færðir í áframhaldandi endurbætur á veginum um Öxi og mun það verða til þess að flýta vegabótum á þeim vegi”

Greinargerð: Vegna áhrifa þess að Fáskrúðsfjarðargöng eru nú komin í notkun verður umferð um Breiðdalsheiði nánast engin en umferð um Öxi og Fáskrúðsfjarðargöng mun stórukast.

- **Frávísunartillaga frá Sigfríði Þorsteinsdóttur Varðar tillögu AE, ER og ÆÁ.**

Tillaga Sigfríðar samþykkt með 16 atkvæðum gegn 10 og tillögu AE, ER og ÆÁ því vísað frá.

- **Tillaga frá Cecil Haraldssyni vegna” Þjónustu við farþega og ferjusiglingar í Seyðisfjarðarhöfn.**

“Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16.september 2005 bendir á að enn er þörf á fjármagni til að bæta aðstöðu til að þjónusta þann mikla fjölda farþega sem velja ferjusiglingar til og frá landinu.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Þingskjal 24 frá samgöngunefnd með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

- **Mennta- og menningarmálanefnd - Flutningsmaður: Smári Geirsson. Nefndarmenn: Smári Geirsson formaður, Eiríkur B. Björgvinsson, Hildur Magnúsdóttir, Hildur Vala Þorbergsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Þráinn Sigvaldason og Björk Pálsdóttir. Þingskjal 25.**

**Fræðslunet Austurlands**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 telur uppbyggingu háskólanámsseturs á Austurlandi afar jákvæðan þátt í þróun menntunar í landshlutanum. Þá lýsir fundurinn þeirri skoðun sinni að með tilkomu setursins verði öllum íbúum Austurlands gert auðveldara að leggja stund á háskólanám.

Fundurinn leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu námsvera fyrir fjarnema á starfssvæði SSA og ítrekar að ríkið á að kosta framhalds- og háskólanám. Því verða fjárveitingar til málaflokksins að vera í samræmi við umfang þjónustu og kostnað við að veita hana.

### **Þekkingarráð og þekkingarsetur**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 styður þá vinnu sem á sér stað og lýtur að stofnun Þekkingarráðs fyrir Austurland og Þekkingarseturs á Egilsstöðum. Jafnframt hvetur fundurinn til þess að stefnt verði að því að á Austurlandi verði í framtíðinni öflug þekkingarsetur sem vinni að samþættingu og eflingu rannsóknarstarfs á starfssvæðum. Nú þegar hefur verið lagður góður grunnur að slíkri uppbyggingu með Búlandi í Neskaupstað og Nýheimum, þekkingarsetrinu á Höfn. Einnig beinir fundurinn þeim tilmælum til ríkisvaldsins, sveitarfélaga og atvinnulífsins að stutt verði sem dyggilegast við uppbyggingu á fyrrgreindri þekkingarstarfsemi á Austurlandi.

### **Háskólanám á Austurlandi**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði dagana 15. – 16. september 2005 fagnar því að nú skuli hafist handa við að byggja upp öflugt háskóla- og rannsóknasetur á Egilsstöðum sem verði kjarni háskólamenntunar á Austurlandi. Sömuleiðis leggur fundurinn áherslu á að háskólasetrið í Nýheimum á Höfn verði eftl.

### **Ályktun um framhaldsskóla**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 fagnar því að framkvæmdir við stækkun Menntaskólans á Egilsstöðum skuli vera hafnar. Fundurinn leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á starfssvæði SSA gegna lykilhlutverki í mótun mannlífs og undirbúningi ungmenna til þróttmikillar framtíðar hér eystra. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram af krafti að bættri aðstöðu skólanna til að gegna hlutverki sínu. Einnig skorar fundurinn á hlutaðeigandi stjórnvöld að standa vel að uppbyggingu og rekstri framhaldsskólanna á starfssvæði SSA í ljósi þeirra miklu framkvæmda og fólksfjölgunar sem framundan er í landshlutanum.

### **Ályktun um samstarf í menningarmálum**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 fagnar því að gerður hefur verið nýr samningur milli ríkis og sveitarfélaga um menningarmál á Austurlandi. Fundurinn fagnar því jafnframt að í þeim samningi er gert ráð fyrir fjárframlögum til menningarstarfs menningarmiðstöðvanna fjögurra og að nú stendur yfir vinna milli viðkomandi sveitarfélaga og Menningarráðs Austurlands um uppbyggingu menningarmiðstöðvanna.

### **Gunnarsstofnun Skriðuklaustri**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 telur að uppbygging síðustu ára á starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri hafi mikla þýðingu á fjórðungsvísu. Fundurinn treystir því að framtíð stofnunarinnar sem sterkrar menningarstofnunar sé tryggð með samningi þeim sem gerður hefur verið milli stjórnar Gunnarsstofnunar og menntamálaráðuneytisins.

### **Ályktun um æskulýðs- og íþróttamál**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 fagnar þeirri miklu og mikilvægu uppbyggingu sem fram hefur farið í æskulýðs- og íþróttamálum í

fjórðungnum og skorar á sveitarstjórnir innan SSA að halda áfram á sömu braut. Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi æskulýðs- og íþróttastarfs sem forvarnarstarfs og skorar á ríkisvaldið að halda áfram stuðningi við það starf sem unnið er í þessum málaflokki t.d. með öflugum íþróttasjóði og stuðningi við uppbyggingu og rekstur ungmennahúsa. Fundurinn skorar á stjórnvöld að auka fjármagn til sjóðsins með það að markmiði að sjóðurinn styðji betur við íþrótt- og æskulýðsstarf á landsbyggðinni vegna hins mikla ferðakostnaðar sem íþrótt- og æskulýðsfélög á landsbyggðinni þurfa að greiða.

### **Ályktun um styttingu náms til stúdentsprófs**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 mótmælir vinnubrögðum menntamálaráðuneytisins vegna hugmynda um styttingu náms til stúdentsprófs. Lítið samráð hefur verið haft við sveitarfélögin í landinu um útfærslu styttingarinnar þrátt fyrir að ætla megi að framkvæmd hennar hafi veruleg áhrif á hlutverk, skipulag og kostnað við rekstur grunnskólanna í landinu sem reknir eru af sveitarfélögunum.

### **Ályktun um fræðslu fyrir innflytjendur**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 vekur athygli á nauðsyn þess að efla íslenskukennslu og og kennslu um íslenskt samfélag fyrir innflytjendur. Þörf er á að efna til víðtæks átaks á þessu sviði og er þá æskilegt að yfirvöld menntamála, sveitarfélög, launþegahreyfing og fyrirtæki hafi með sér náðið samstarf. Brýnt er að fræðsla af þessu tagi sé forgangsverkefni þannig að allir innflytjendur fái haldgóða fræðslu um tungumál og samfélag.

### **Ályktun um eflingu iðn- og starfsnáms**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 skorar á yfirvöld menntamála að stórefla kynningu á iðnnámi og starfsnámi á framhaldsskólastigi. Þá vill fundurinn hvetja til þess að Verkmenntaskóla Austurlands verði ávallt gert kleift að rækja hlutverk sitt sem kjarnaskóla iðn- og tæknimenntunar í landshlutanum. Eftirspurn eftir iðnlærðu fólki og fólki með starfsmenntun er gríðarlega mikil á Austurlandi og landinu öllu og því ætti efling slíks náms að vera forgangsverkefni hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum.

### **Ályktun um kostnað vegna framhaldsnáms tónlistarnema**

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 skorar á ríkisvaldið að axla að fullu ábyrgð sína hvað varðar framhaldsnám á sviði tónlistar og greiða að fullu stjórnunar- og kennslukostnað sem fellur til vegna námsins.

Þingskjal 25 samþykkt samhljóða.

• **Fjárhagsnefnd – Flutningsmaður Björn Hafþór Guðmundsson.**  
**Nefndarmenn: Björn Hafþór Guðmundsson formaður, Sigfríður Þorsteinsdóttir og Tryggvi Harðarson. Þingskjal 26**

Til nefndarinnar var vísað: Ársreikningi SSA 2004, fjárhagsáætlun SSA 2006 og endurskoðaðri áætlun 2005 og greinargerð framkvæmdastjóra SSA en öll þessi gögn eru endanlega merkt sem þingskjal 3.

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir ársreikninginn fyrir árið 2004 og leggur til að hann verði samþykktur. Jafnframt hefur verið farið yfir fjárhagsáætlun 2006 og endurskoðaða fjárhagsáætlun 2005 og leggur nefndin til að þær verði samþykktar. Nefndin vekur athygli þingfulltrúa á lífeyrisskuldbindingum SSA í ársreikningi 2004. Lagt fram á aðalfundi SSA 15. – 16. september 2005

Ársreikningur 2004, fjárhagsáætlun 2006 og endurskoðuð áætlun 2005 þingskjal 26 samþykkt samhljóða.

• **Uppstillingarnefnd / Kjörnefnd - Flutningsmaður Þorbergur Hauksson.**  
**Í nefndinni sátu: Þorbergur Hauksson formaður, Cecil Haraldsson, Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Sigurðsson, Þorvaldur P. Hjarðar, Óðinn Magnússon, Björn H Sigbjörnsson. Þingskjal nr. 27**

### **Kosningar aðalfundar SSA 2005**

#### **Aðalmenn:**

##### **Stjórn SSA:**

Einar Karlsson, Hornafirði  
Elín Magnúsdóttir, Hornafirði  
Andrés Skúlason, Djúpavogi  
Guðmundur R.Gíslason, Fjarðabyggð  
Þorbergur N. Hauksson, Fjarðabyggð  
Ævar Ármannsson, Austurbyggð  
Ólafur Ármannsson, Vopnafirði  
Soffía Lárusdóttir, Fljótsdalshéraði  
Cecil Haraldsson, Seyðisfirði

#### **Varamenn:**

Halldóra B. Jónsdóttir, Hornafirði  
Reynir Arnarsson, Hornafirði  
Guðmundur V. Gunnarsson, Djúpavogi  
Ásbjörn Guðjónsson, Fjarðabyggð  
Andrés Elísson, Fjarðabyggð  
Friðmar Gunnarsson, Fáskrúðsfj.hreppi  
Björn H. Sigurbjörnsson, Vopnafirði  
Gunnþórunn Ingólfisdóttir, Fljótsdalshrepp  
Þorvaldur P. Hjarðar, Fljótsdalshéraði

#### **Skoðunarmenn ársreikninga:**

Jóhanna Guðmundsdóttir, Fljótsdalshéraði  
Sigurjón Jónasson, Fljótsdalshéraði

Ólafía Þ. Stefánsdóttir, Seyðisfirði  
Ari Bogason, Seyðisfirði

#### **Orku- og stóriðjunefnd SSA:**

Jón Halldór Guðmundsson, Seyðisfirði  
Smári Geirsson, Fjarðabyggð  
Sigfríður Þorsteinsdóttir, Breiðdalsvík  
Skúli Björnsson, Fljótsdalshéraði  
Vignir Júlíusson, Hornafirði  
Björn H. Guðmundsson Djúpavogi

Borghildur Sverrisdóttir, Vopnafirði  
Andrés Elísson, Fjarðabyggð  
Steinþór Pétursson, Austurbyggð  
Baldur Pálsson, Fljótsdalshéraði  
Friðrik Ingvaldsson, Hornafirði  
Einar Karlsson, Hornafirði

#### **Samgöngunefnd SSA:**

Björn Ármann Ólafsson, Fljótsdalshéraði  
Guðmundur V. Gunnarsson Djúpavogi  
Guðmundur Þorgrímsson, Austurbyggð  
Reynir Arnarsson, Hornafirði  
Eiður Ragnarsson, Fjarðabyggð  
Jóhann Hansson, Seyðisfirði

Gunnþórunn Ingólfisdóttir, Fljótsdalshrepp  
Halldóra B. Jónsdóttir, Hornafirði  
Ríkharður Jónasson, Breiðdalsvík  
Vignir Júlíusson, Hornafirði  
Andrés Elísson, Fjarðabyggð  
Þorsteinn Steinsson, Vopnafirði

Tilmæli:

Nefndin leggur til að Fljótsdalshérað, Vopnafjörður og Seyðisfjörður skipti fulltrúum á norðursvæði í samgöngunefnd á milli sín þannig að hvert sveitarfélag eigi fulltrúa í nefndinni í 2 ár og varamann þau ár sem sveitarfélagið er ekki með aðalmann.

Þingskjal 27 samþykkt með lófaklappi.

## 12. Önnur mál.

**Elín Magnúsdóttir** þakkaði fyrir gott þing og bauð formlega til 40.aðalfundar SSA á Hornafirði að ári.

**Þorvaldur Jóhannsson** framkvæmdastjóri tók til máls og þakkaði starfsmönnum vel unnin störf og sleit síðan þinginu kl. 15.25.

sign. Gunnar Jónsson  
sign. Gunnlaugur Sverrisson